

## Yfirlýsing frá Hannesi Smárasyni

Í tilefni umfjöllunar í fréttum síðustu daga um rannsókn skattrannsóknarstjóra og efnahagsbrotadeildar ríkislöggreglustjóra (RLS) á málum sem talin eru tengast mér, vil ég koma eftirfaranda yfirlýsingu á framfæri við fjöldiðla.

Í gær, 23. júní, sendi lögmaður minn bréf til RLS þar sem ítarlegar útskýringar og gögn voru lögð fram varðandi öll rannsóknartilvik og grunur RLS hrakinn. Í bréfinu var þess krafist að rannsókn RLS á sakargiftum á hendur mér verði latin niður falla.

Ég hyggst kæra til Hæstaréttar úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur frá því fyrr í vikunni, þar sem komist var að niðurstöðu um að húsleitir og halldlagningar í tengslum við málin hafi verið lögmaðar. Það ágreiningsmál snýst eingöngu um hvort RLS hafi beitt lögmaðum rannsóknaraðferðum í þeim tilvikum sem um ræðir.

Ég legg ríka áherslu á að rannsóknarefnin, sem tilgreind eru í húisleitarúrskurði héraðsdóms og hlotið hafa opinbera umfjöllun, höfðu ekki verið borin undir mig og virðast ekki hafa hlotið mikla rannsókn. Það má því alls ekki álykta af úrskurðinum að refsiverð brot hafi verið framin.

Í ljósi þess að rannsóknartilvikin varða sakargiftir, sem eru alvarlegar en standast jafnframt ekki skoðun samkvæmt gögnum sem RLS hafa verið send, og enn fremur vegna þess hve mikla fjöldið laumfjöllun þessi mál hafa hlotið, hef ég ákveðið að birta opinberlega meðfylgjandi útdrátt úr bréfi lögmanns míns til RLS.

Helstu sakarefnin eru þessi:

- 1) Meint auðgunarbrot í tengslum við kaup FL Group á Sterling í október 2005: Þetta er órökstutt með öllu. Kaupin voru byggð á rekstraráætlunum Sterling og stjórnendur FL Group sáu mikil viðskiptatækifæri sem tengdust kaupunum enda var félagið búið að hagnast verulega á fjárfestingu sinni í EasyJet. Kaupin á Sterling voru kynnt opinberlega og samþykkt af stjórn FL Group. Markaðurinn tók kaupunum vel sem sést af mikilli umframeftirspurn í hlutafjarútboði félagsins sem lauk samhliða. Engin lög voru brotin í viðskiptunum.
- 2) Meint ólögmæt lántaka frá FL Group í apríl 2005: Fyrir liggur í gögnum að fjármunir voru færðir á milli bankareikninga í eigu FL Group á tilteknu tímabili, líkt og í fjölmögum öðrum tilvikum, án þess að ég eða félag mér tengt hefði þar sérstakra hagsmunu að gæta, beint eða óbeint. Staðfest hefur verið af endurskoðanda félagsins að umræddir fjármunir voru á bankareikningi FL Group, vaxtaberandi og til ráðstöfunar fyrir félagið. Færsla á fjármunum á milli bankareikninga í eigu félagsins sjálfs getur ekki verið ólögmæt lánveiting til mín.
- 3) Meint brot á skattalögum vegna greiðslu FI fjárfestinga árið 2007: Allar greiðslur FI fjárfestinga fyrir mig voru rétt færðar í bókhaldi félagsins. Félagið skuldaði mér stórar fjárhæðir og greiðslur þess fyrir mig persónulega komu til lækkunar á skuld félagsins við mig. Engin lög voru brotin í þessum efnum. Ennfremur vil ég taka fram, vegna villandi fréttatflutnings, að persónulegur kostnaður minn var ekki gjaldsfærður í bókum FL Group, heldur færður á viðskiptareikning og endurgreiddur.

- 4) Meint brot á skattalögum vegna búsetu í húseignum við Fjölnisveg 9 og 11 og sölu þeirra: Greidd var leiga af báðum eignunum til félagsins sem átti þær og nam ársleigan 7% af fasteignamatsverði þeirra, sem er hærra en reglur ríkisskattstjóra gera ráð fyrir, sem er 5%. Félög í minni eigu seldu svo mér og sambýliskonu minni bæði húsin árið 2007 á bókfærðu verði sem var vel yfir markaðsvirði þess tíma.

Ég geri mér grein fyrir því að við núverandi aðstæður í íslensku efnahagslífi er ég gagnlegur skotspónn í umræðu manna á meðal, þótt ég hafi dregið mig í hlé frá íslensku viðskiptalífi fyrir allmögum misserum. Engu að síður er nauðsynlegt að vanda umfjöllun um viðkvæm mál og fara hægt í að kynda undir galdrabrennurnar því að í öllum tilvikum eru börn og fjölskyldur sem tengjast viðkomandi aðilum.

Ég treysti því líka að ofangreind mál og önnur viðlíka fái sanngjarna og réttláta meðferð hjá hinu opinbera enda hef ég lagt mig fram við að fylgja þeim lögum og reglum sem viðskiptalífinu hafa verið sett. Ég er sannfærður um að niðurstaða málsins verði að engin lög eða reglur hafi verið brotnar.

Ég mun ekki tjá mig frekar um efnisatriði þessa máls á opinberum vettvangi fyrr en þessi mál eru að fullu til lykta leidd og vænti slíks hins sama frá öðrum aðilum málsins.

London 24. júní 2009,

Hannes Smárason